



**ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK
UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA
25. FUNDUR.**

25. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 19. janúar 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga

Fundinn sátu: Dagný Freyja Guðmundsdóttir, aðalmaður, Jóna Margareta Júlíusdóttir Lundberg, aðalmaður, Ágúst Andri Arnarson, aðalamaður.

Embættismenn:

Karólína Gunnarsdóttir, Íþróttá- og tómsfundafulltrúi

Fundarritari:

Jóna Margareta Júlíusdóttir Lundberg

Dagskrá.

1. Efnafræðiskennsla 23. janúar
2. Háskólalestin
3. Ungmennaskýrsla
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Íþróttá- og tómsfundafulltrúi kynnti fyrirkomulag efnafræðiskennslu Katrínar Lilju Sigurðardóttur í grunnskólanum þann 23. janúar nk.
2. Íþróttá- og tómsfundafulltrúi kynnti starfsemi Háskólalestarinnar fyrir ráðinu. Ráðið tók vel í þá tillögu að fá Háskólalestina á Hvammstanga og mun Karólína hafa samband við starfsmann Háskólalestarinnar og fá fleiri upplýsingar og verð sem verður kynnt á næsta fundi.
3. Lesin var upp skýrsla Ungmennapings 2014 og hún samþykkt með þremur atkvæðum.
4. í Ungmennaskýrslu kemur fram að bjóða ætti 10.bekk í framhaldsskólakynningu. Dagný ætlar að taka að sér að kanna hvort að farið verður í þannig ferð í ár, ef ekki ætlar Dagný að kanna kostnaðinn á þannig ferð og kynna á næsta fundi.

Ágúst ætlar að kanna miðaverð á leiksýningu leikfélags FNV og hvort að þau hafi áhuga á aukasýningu fyrir nemendur grunnskólans ef farið verður í framhaldsskólakynningu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl.15:40

Ágúst Andri Arnarson

Karólína Gunnardóttir
Íþróttá- og tómsundafulltrúi

Dagný Freyja Guðmundsdóttir

Jóna Margareta Júlíusdóttir Lundberg